

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um kærur í nauðgunarmálum.

Við vinnslu svars þessa óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum hjá ríkislögreglustjóra, sem aflaði upplýsinga í samvinnu við ríkissaksóknara. Embættin söfnuðu saman upplýsingum eins og kostur var.

Hjá embætti ríkislögreglustjóra liggja ekki fyrir eldri upplýsingar um fjölda kæra vegna brota gegn einstökum ákvæðum hegningarlaga, nr. 19/1940, en frá árinu 1999. Í töflum hér á eftir eru upplýsingar sem teknar hafa verið saman um ætluð kynferðisbrot og er greint frá forsendum við hverja töflu fyrir sig. Almennt ber þó að hafa í huga að miðað er við árið sem ætlað brot er kært til lögreglu sem er ekki endilega það sama og þegar brot var framið. Þannig geta brot hafa staðið yfir í lengri tíma í árum talið en enda sem eitt málsnúmer á því ári sem kæra berst eða rannsókn hefst. Þá ber að taka það fram að þær upplýsingar sem fram koma í töflum taka einnig til brota gegn 197. gr. og 198. gr. almennra hegningarlaga.

*1. Hve margar kærur hafa borist lögreglu um brot gegn ákvæðum 194.–196. gr. almennra hegningarlaga á árabílinu 1990–2006, skipt eftir árum?*

Tafla 1 sýnir kynferðisbrot á landinu öllu 1999–2006 sem falla undir ákvæði 194.–198 gr. hegningarlaga. Þessar upplýsingar byggjast á ársskýrslum ríkislögreglustjórans og er miðað við fjölda skráðra brota í málaskrá.

**Tafla 1. Fjöldi kynferðisbrota á Íslandi 1999–2006  
sem falla undir 194.–198. gr. almennra hegningarlaga.**

Tilkynnt kynferðisbrot 1999–2005*	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Kynferðisbrot, nauðgun (194. gr.)	67	73	51	69	74	51	36	48
Kynferðisbrot, ólögmat nauðung (195. gr.)	4	2	0	2	2	4	4	0
Kynferðisbrot, misneyting (andlegir annmarkar, rænuleysi) (196. gr.)	28	25	24	26	36	32	17	19
Kynferðisbrot, misneyting (varúðarákvæði, trúnaðarbrot) (197. gr.)	0	2	10	6	6	5	13	10
Misnotkun, kynmök (frekleg misnotkun á aðstöðu) (1. mgr. 198. gr.)	2	1	3	3	0	0	1	0
Kynferðisbrot, önnur kynferðisleg áreitni (2. mgr. 198. gr.)	24	21	3	4	4	11	12	10
<b>Alls</b>	<b>125</b>	<b>124</b>	<b>91</b>	<b>110</b>	<b>122</b>	<b>103</b>	<b>83</b>	<b>87</b>

\*Tölurnar fyrir árið 2006 eru bráðbirgðatölur

*2. Hve margar þeirra leiddu til ákæru og í hve mörgum málum var sakfelld?*

Í töflu 2. má sjá fjölda og afdrif mála sem heimfærð hafa verið undir 194.–198. gr. almennra hegningarlaga og bærust ríkissaksóknara á árunum 1999–2006.

**Tafla 2. Fjöldi mála sem heimfærð hafa verið undir 194.–198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara 1999–2006.**

**Kynferðisbrot (194.–198. gr. hgl.)\***

Ár	Sýknað í			Sakfelld í			Ódæmt í		
	Alls	Niðurfelld	Ákært	héraðsdómi	héraðsdómi	Áfrýjað	Hæstarétti	Hæstarétti	Hæstarétti
1999	26	19	7	3	4	2	0	2	0
2000	39	27	12	4	8	3	0	3	0
2001	29	18	11	5	6	6	1	5	0
2002	58	37	21	5	14	9	2	7	0
2003	65	49	16	11	5	4	1	3	0
2004	43	32	10	3	7	6	0	6	0
2005	52	32	19	8	9	5	0	3	2
2006**	68	48	14	2	8	8	0	1	6
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>262</b>	<b>110</b>	<b>41</b>	<b>61</b>	<b>43</b>	<b>4</b>	<b>30</b>	<b>8</b>

\*Heimild: Ársskýrsla ríkissaksóknara 2004 og 2005

\*\* Tölurnar fyrir árið 2006 eru bráðabirgðatölur. Í einu máli var hluti felldur niður og ákært að hluta. Sjö mál eru enn í rannsókn.

Í töflu 1 er hvert brot talið sem eitt mál en í töflu 2 geta fleiri en eitt brot falist í hverju máli.

3. *Hversu mörg mál voru felld niður, m.a. skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem málið hefur ekki talist líklegt til sakfellingar, og hver er staða þeirra sem hafa verið kærðir?*

Í töflu 2 kemur fram í öðrum dálki hve mörg mál hafa verið felld niður og hafa þau öll verið felld niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Vaðandi réttarstöðu þeirra sem telja sig hafa verið ranglega kærðir er rétt að benda á XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála, en sá kafli fjallar um bætur til þeirra sem sætt hafa ýmiss konar þvingunaraðgerðum í sambandi við opinbert mál en síðan reynst saklausir, svo og til þeirra sem saklausir hafa þolað refsisdóm. Rétt er að taka fram að rangar sakargiftir varða viðkomandi refsingu skv. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sá sem borinn hefur verið röngum sökum á þess kost að koma fram bótakröfu í máli sem höfðað yrði á hendur sakaráberanum. Á undanförunum árum hafa fallið nokkrir dómur í héraði í málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir rangar sakargiftir í málum sem þessum. Í þeim málum var talið sannað að um vísitandi rangar sakargiftir hefði verið um að ræða.